



Flokksstjóri vinnuskóla 2017

Svalbarðsstrandarhreppur auglýsir eftir flokksstjóra við vinnuskóla sveitarfélagsins í sumar. Um er að ræða fullt starf í frá 1. júní – 31. ágúst. Laun eru skv. samningum Launanefndar sveitarfélaga og Einingar-Iðju.

Flokksstjóri skipuleggur og stjórnar daglegri starfsemi vinnuskólans í samráði við sveitarstjóra. Hann hefur eftirlit með tækjum og áhöldum og ber ábyrgð á að eðlilegt viðhald fari fram. Umsækjandi þarf að vera fæddur árið 1996 eða fyrir og vera með bílpróf. Reynsla af starfi með ungmennum er æskileg.

Umsóknarfrestur er til 28. maí n.k. Umsóknum skal skilað til skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps í Ráðhúsinu eða í tölvupósti á netfangið postur@svabardsstrond.is. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu hreppsins eða í síma 464-5500.

Sveitarstjóri

Sundlaug

Sundlaugin verður opin laugardagana 20. maí og 27. maí frá kl. 13:00 – 17:00.

Hreinsunardagur

Árlegur hreinsunardagur sveitarfélagsins verður laugardaginn 27. maí og verður hann með hefðbundnu sniði.

Mæting er kl. 10:00 við skrifstofuna þar sem skipt verður í lið.

Að hreinsun lokinni verða grillaðar pylsur fyrir framan skrifstofuna.

Fjölskylduhátíð í Laufási

Sunnudaginn 21. maí kl 14.00 og hefst í Laufáskirkju. Grill, hoppukastali, krap, Rebbi og lömb.

Verið velkomin!

Afmæli Svalbarðskirkju

Þann 30. maí 1957 var Svalbarðskirkja vígð. Hún er því 60 ára í ár. Af þessu tilefni verður afmælisguðsþjónusta í kirkjunni sunnudaginn 28. maí næstkomandi kl. 14.00. Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Petru Bjarkar Pálsdóttur. Nemendur Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar leika á hljóðfæri. Viðstöddum boðið að þiggja veitingar í safnaðarstofu að lokinni guðsþjónustu.

Verið velkomin og til hamingju með afmælið!

Morgunstundir í Safnaðarstofu

Síðasta samvera að sinni var sl. þriðjudag. Hittumst aftur galvösk í haust.

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

Bókasafn

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Litið um öxl

Þessi grein birtist í Íslendingi í október 1980:

Leiruvegur þolir enga bið

Vegamálar eru oft á dagskrá eins og eðlilegt er, þar sem við erum svo mjög háð samgöngukerfinu um hinar dreifðu byggðir landsins. Og ekki mun vandalaust að standa þar í forsvari fyrir fjárframlögum til landshlutanna, enda er þar oft misskipt eins og við hér á norðurslóðum erum vitni að.

Mörgum finnst ganga seint með vegalagningu yfir Víkurskarð. Vegna þess seinangangs verður hann mörgum sinnum dýrari en áætlað var í upphafi. Annars er það áberandi hve vegir hér austan Akureyrar hafa dregist afturúr. Það er engu líkara en þetta svæði sé í sveltum hvað fjármagn og framkvæmdir snertur, og hafi verið það um árabíl, hver svo sem ástæðan er.

Það hefur heyrst að ein Eyjafjarðar brúin væri að hrúni komin, og vart held stórum bilum lengur. Þetta eru ljótar fréttir, og ætti öllum að vera ljóst, að bygging Leiruvegar ásamt brú þar yfir, þolir enga bið. Ég hef heyrst að þá fyrst, þegar Víkurskarðsvegurinn væri fullbúinn yrði hafist handa um Leiruvegin. En verður það ekki of seint? Eðlilega hefur það síst verkað hvetjandi á fjárveitingavaldið, að sumir heima í héraði hafa lagst eindregið gegn þessari vegalagningu, og talið að með vegi í gegnum Vaðlareit muni hann verða fyrir óbætanlegu tjóni, og hafa haft þar stór orð um.

En þetta er ekki nýtt fyrirbæri, þegar um þjóðþrifamál er að ræða láta úrtöluraddir ekki á sér standa.

En það hafa líka heyrst raddir og þær háværar, sem mæla með vegi í gegnum Vaðlareit, með því fengi hann meira gildi sem útivistarsvæði, og með veginum skapaðist skilyrði til skógræktar á stóru svæði sem ekki hentar til annars. Það yrði auðvitað að setja það skilyrði að hann yrði með bundnu slitlagi, og traustar girðingar meðfram. Kannski eru menn einnig á móti vegi yfir Leirur og gegnum Vaðlareit af ótta við að Svalbarðseyri mundi færast það nærri bænum að hún “stæli senunni”. Fólki mundi sækja þangað jafnvel til búsetu. Þar gæti með tímanum risið einskonar Kópavogur þeirra R.víkinga. Vissulega mundi skapast sá möguleiki með

tilkomu vegarins, að hægt væri að búa á Svalbarðseyri þó vinna sé sótt í bænum.

Óneitanlega er fallett bæjarsvæði umhverfis Svalbarðseyri og kannski raunhæft að álykta, að á næstu áratugum muni verða þar gjörbylting hvað byggingamál varðar, en varla verður það á næstunni.

En hvað sem því líður, má ekki ótti við þessa ímynduðu byggðaröskun né aðrir fordómar tefja fyrir framkvæmdum Leiruvegar.

A.E.

Íslendingur, 40. tbl. (29.10.1980), bls. 2
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=5173725

Næstu rusladagar

18. maí	-	Gráa / brúna tunnan
25. maí	-	Græna tunnan
1. júní	-	Gráa / brúna tunnan
15. júní	-	Gráa / brúna tunnan

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 15. júní.

Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 þriðjudaginn 13. júní.